

Aðalstjórn Völsungs

dagsetning: 12.11.19

Vallarhús

kl. 17:15

Mætt: Davíð Þórólfsson, Lilja Friðriksdóttir, Björgvin Sigurðsson, Bergþóra Höskuldsdóttir og Aðalsteinn Jóhann Friðriksson.

1. Fundargerð almenningsíþróttadeildar

Fundargerð almenningsíþróttadeildar frá 31.10.2019.

Lagt fram.

2. Umsókn almenningsíþróttadeildar í líðheilsusjóð

Stjórn almenningsíþróttadeildar formuðu umsókn sem ber heitið „Lýðheilsuveisla frá mánudegi til föstudags í Mæruviku“. Skipulagðir verða fjölbreyttir viðburðir í vikunni og ef af verður mun þetta verða stærsta verkefni deildarinnar til þessa.

Aðalstjórn lýsir yfir ánægju með þetta framtak.

3. Inngildandi frístundastarf

Vinnuhópur um inngildandi frístundastarf, sem framkvæmdastjóri situr í, hittist á fundi 5.11.2019. Fyrir fundinum liggur vinnuskjal til kynningar.

Lagt fram.

4. Fyrirmyndarfélagið Völsungur - endurnýjun

Fyrir áramót þarf Völsungur að óska eftir endurnýjun á fyrirmyndarfélagi ÍSÍ hyggist félagið halda nafnbótinni. Búið er að fara yfir gátlista frá ÍSÍ.

Frestað fram að næsta fundi.

5. Málefni meistaraflokka í knattspyrnu

Æfingar eru hafnar. Samningar við þjálfara eru á lokametrum. Enn er verið að vinna í því að fá fólk í knattspyrnuráð.

6. Rafíþróttir

Fulltrúi frá rafíþróttasambandinu kom og hélt áhugaverðan fyrirlestur í lok október.

7. Jóna Björk óskar eftir tímabundnu leyfi úr aðalstjórn

Lagt fram.

8. Önnur mál

- a. Bardagaíþróttir
Alli Jói sér um að hafa samband við þjálfara og auglýsa æfingar.
- b. Jólableð Völsungs
Unnið er að því að safna efni og er lokaskilafrestur 15.nóv.
- c. Íþróttafólk Völsungs

Fundi slitið:

